Brosið

Fréttablað Hraunvallaskóla

Nóvember 2021 1. tbl. 13. árg

Hraunvallaskóli
VINÁTTA - SAMVINNA - ÁBYRGÐ

Heilsueflandi grunnskóli

Skrifstofa Hraunvallaskóla er opin mánudaga til fimmtudaga frá 7:45 til 16:00 og á föstudögum frá 7:45 til 15:00

Sími skólans er: 590-2800

Síminn í Hraunseli er: 590-2810

Vinátta Samvinna Ábyrgð

Vinátta Samvinna Ábyrgð

Þekkir þú Barnasáttmálann?

Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, eða Barnasáttmálinn, er eini alþjóðlegi samningurinn sem sérstaklega á við um börn. Samningurinn felur í sér alþjóðlega viðurkenningu á að börn heimsins þarfnist sérstakrar verndar umfram hina fullorðnu.

Hann er alþjóðleg viðurkenning á því að börn séu sjálfstæðir einstaklingar með fullgild réttindi óháð réttindum fullorðinna. Öllum þeim sem koma að málefnum barna ber að gera það sem í þeirra valdi stendur til að framfylgja samningnum. Hér er átt við stjórnvöld,

foreldra, skóla og alla aðra sem vinna með börnum eða fyrir börn.

Foreldrar ættu að leggja sig fram við að upplýsa börn sín um réttindi þeirra og skyldur. Mikilvægur þáttur af því er að kynna fyrir þeim inntak og áherslur Barnasáttmálans. Það er því mikilvægt að foreldrar kynni sér inntak Barnasáttmálans. Bæði hvað varðar hlutverk og þátt foreldra í umönnun og vernd barna og hvaða grundvallarmannréttindi börn eiga að njóta í daglegu lífi. Hægt er að nálgast fleiri upplýsingar með því að fara inná síðuna: www.barnasattmali.is/is

BARNASÁTTMÁLI SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA

Leikskólafréttir



Haustið hefur farið vel af stað hjá okkur í Hraunvallaleikskóla. Haustið er skemmtilegur en jafnframt krefjandi tími í leikskólalífinu sem einkennist af aðlögun nýrra barna, börn flytjast milli deilda, starfsfólk mátar sig saman og leggur sig fram við að kynnast nýjum einstaklingum. Það er alltaf ánægjulegt að taka á móti nýjum einstaklingum og foreldrum þeirra og fá þar með tækifæri til að kynnast þeim.

Leikhópurinn Lotta

Einn föstudag í september bauð foreldrafélagið börnunum upp á sýninguna Úlfur og grís sem leikhópurinn Lotta flytur. Sýningin var mjög skemmtileg og höfðaði vel til barnanna. Eftir sýningu bauð foreldrafélagið börnunum upp á hressingu sem var ekki af verri endanum eða snúður og djús. Við leikskólann starfar öflugt foreldrafélag sem hefur séð um að styðja og auðga starf leikskólans. Má þar nefna sem dæmi með því að bjóða upp á leiksýningar, jólaball, sumarhátíð og sveitaferð.

Leikur

Leikurinn í allri sinni fjölbreytni er kjarninn í starfi leikskólans. Leikur er helsti gleðigjafi barnsins og vinna þess sem og helsta náms- og þroskaleið þess. Börnunum er

boðið upp á fjölbreytt leikefni þar sem ímyndunaraflið fær að njóta sín. Í leik læra börn m.a að umgangast hvort annað, taka tilllit og sýna virðingu. Leikurinn hjálpar barninu að rannsaka umhverfi sitt, tjá tilfinningar og leysa vandamál sem upp koma. Hér í Hraunvallaleikskóla förum við í alls konar leiki eins og myndirnar m.a. sýna.

Hreinlætistilraun



Þessa dagana þurfum við mikið að hugsa um að spritta hendur og þvo. Nemendur á unglinga-stiginu gerðu á dögunum forvitnilega tilraun þar sem mikilvægi þessara atriða kom vel og skýrt fram. Notaðar voru brauðsneiðar í tilraunina og þeim strokið við ýmsa fleti áður en þær voru látnar hanga í nokkra daga. Útkoman er mjög skýr og kemur eiginlega nokkuð á óvart. Skoðið myndirnar vandlega, þar sjást niðurstöðurnar vel.



Hrekkjavaka

Hrekkjavakan var stór þáttur hjá okkur á dögunum, bæði hér í skólanum og í flotta hverfinu okkar. Ekki laust við að hálfdrungalegt hafi verið um að litast. Krakkarnir skreyttu svæði, fóru í búninga og gerðu ýmislegt til að halda uppá þennan dag. Einnig var haldið Halloween-ball miðdeildar í Mosanum. Þar mátti heldur betur sjá allskonar skemmtileg og jafnframt hræðileg fyrirbæri og furðuverur. Krakkarnir skemmtu sér konunglega og það var enginn annar en Kristian Leó í 5. bekk sem vann búninga-keppnina í ár með þessum rosalega flotta búningi.

Bókasafnið okkar

Á bókasafninu okkar hafa verið margir viðburðir þetta haustið eins og undanfarin ár. Hefur verið ákaflega gaman að koma á safnið því það er afar lifandi og skemmtilegir viðburðir þar í gangi allt skólaárið.
Við byrjuðum september á því að halda sjóræningja-daginn hátíðlegan með búningum og skemmtilegheitum á bókasafninu. Allir fengu sjóræningjalepp og boðið var upp á ýmislegt skemmtilegt á safninu í tilefni dagsins.
Í endaðan september var vika bannaðra bóka sett upp í fyrsta skiptið í skólanum til þess að vekja athygli á því hversu heppin við erum hérna á Íslandi að við höfum aðgang að öllum bókum því það er því miður ekki raunin allsstaðar í heiminum. Þetta vakti mikla lukku og spurningar hjá nemendum sem komu margoft við á safninu til þess að skoða bækur sem hafa verið bannaðar.

Í október var Bækur og bíóhátíð í Hafnarfirði og tókum við að sjálfsögðu þátt hér á bókasafninu. Við bjuggum til QR - kóða á bækur sem hafa verið gerðar að kvikmyndum og var hægt að skanna QR - kóðann og sjá stiklu myndarinnar. Þetta var mjög skemmtilegt verkefni sem á eftir að stækka á næstu árum. Skemmti-legt er nefnilega að bera stundum saman bækurnar við myndirnar sem gerðar eru eftir bókinni.

Slakað á í 10. bekk

Á dögunum héldu nemendur í 10. MHR bekkjarkvöld. Þá hittust krakkarnir ásamt umsjónarkennara sínum kvöld eitt í október og áttu góða kvöldstund. Gæddu allir sér á gómsætum pizzum, spiluðu hin ýmsu spil og fóru í leiki. Góð afslöppun og skemmtileg.

Bugsy Malone

Nú er söngleikjavalið komið í gang og er það með aðeins öðruvísi sniði en undanfarin ár því nú er það fyrir alla unglingadeildina en ekki bara 10. bekk. Krakkarnir í valinu hafa valið, í samvinnu við Anítu, að setja upp söngleikinn Bugsy Malone. Handritið er komið í hús og áheyrnarprufum er lokið. Nú er bara að byrja æfingar og hafa gaman þessu skapandi ferli sem er að fara í gang.



Töfrar myndlistar

Krakkarnir læra ýmislegt forvitnilegt og nytsamlegt hér í skólanum án þess endilega að opna skólabækur. Við höfum ákaflega fjölhæft starfsfólk hjá okkur í list– og verkgreinum. Fyrr í vetur var t.d. 5.bekkur að læra um grunnform, áhrif ljóss og skugga, skörun og fjarvídd og í framhaldinu teiknuðu krakkarnir þessa fínu uppstillingu og skyggðu. Greinilega færir listamenn hér á ferð.

Mosinn magnaður



Sleepover í Mosanum

Föstudaginn 22. október sl. héldum við Sleepover í Mosanum. 147 unglingar mættu á svæðið og skemmtu sér konunglega. Björgvin Páll Gústavsson landsliðsmarkvörður í handknattleik mætti með fyrirlestur, Bubbleball, pizzupartý, íþróttasalur, spá herbergi og fleiri skemmtilegir viðburðir voru í boði þar sem krakkarnir gátu valið sér um að gera yfir nóttina. Sleepover heppnaðist rosalega vel þetta árið og fengu unglingarnir mikið hrós fyrir sína frammistöðu þessa nótt.

Draugahús Mosans

Nemendaráðið ákvað að skella í eitt svakalegasta draugahús sem hefur sést hérna í skólanum fyrir unglingadeild og var það haldið föstudaginn 29. október sl. Tekið var til allt sem hugsanlega gæti gagnast við gerð draugahússins eins og gínur, svört og hvít teppi, köngulóarvefir, ljós, Halloween leikmunir, föndur sem nemendaráðið föndraði og svarta ruslapoka í ómældu magni!! Við viljum þakka þeim kennurum sem lánuðu okkur skilrúm af þeirra svæði! Nemendaráðið skellti sér í búninga og málaði sig í framan og brá sér í hlutverk drauga og afturgangna og stillti sér um allt draugahúsið til að hræða samnemendur sína. Nemendaráðið á stórt hrós skilið fyrir það starf sem það vann, auk þeirra unglinga sem komu og hjálpuðu til. Hryllilegt hugmyndarflug sem hér er á ferð….

Leiksýning



Í fyrsta sinn í langan tíma fengu nemendur yngri deildar að safnast saman á sal og fylgjast með alvöru leiksýningu þegar Leikhópurinn Lotta heimsótti okkur í haust. Sýningin var mjög skemmtileg og fór vel í mannskapinn - bæði börn og fullorðna. Nemendur fengu sérstakt hrós frá leikhópnum fyrir að vera hreint út sagt frábærir áhorfendur. Það er greinilegt að krakkarnir okkar hafa ekki týnt niður samverureglunum þrátt fyrir litla æfingu upp á síðkastið.

Gyllta sólblómið

Gyllta sólblómið er verðlaun fyrir frábæra stuttmynd á sviði náttúrugreina í unglingadeild.

Undanfarnar vikur erum við búin að vinna í stuttmyndagerð um ljóstillífun og bruna. Markmiðið var að miðla upplýsingum um ljóstillífun og bruna til miðstigs. Nemendur kusu síðan sín á milli flottasta myndbandið. Hóparnir fengu gullskeið og Oreokex að launum. Í 10. MHR unnu Magnús og Katla, í 10. MJ unnu Magnús, Trausti og Rakel og í 10. HBG unnu Nicholas og Bryndís.

Við erum

FRÁBÆR

Leirmótun

Við erum með fjölbreyttar og áhugaverðar valgreinar hér í Hraunvallaskóla. Leirmótun er ein þeirra en þar eru ákaflega hæfileikaríkir framtíðar listamenn. Skálar, fuglar, landnámsmenn og ýmislegt fleira verður til í höndunum á áhugasömum og flottum nemendum. Myndirnar tala sínu máli.

Gaman í dönsku

Já, það er gaman í dönsku og metnaður mikill. Hefur 9.bekkur staðið sig svo vel í dönskunni undanfarið að hann fékk að launum einn tíma þar sem krakkarnir fengu að leika sér aðeins í Osmo. Unglingunum finnst að sjálfsögðu mjög gaman að hinum ýmsu leikjum sem finna má í þessu góða forriti.
Eins og sjá má á myndunum er mikil einbeiting í gangi.



Meira frá leikskóla

Vettvangsferðir

Hluti af leikskólastarfinu er að skoða og kanna umhverfið sem við búum í. Nú í haust höfum við verið dugleg að bregða okkur af bæ og kynnast umhverfinu. Eldri börnin fara í lengri og fleiri vettvangsferðir meðan yngri eru meira heimavið og eru meira að læra á nærumhverfi leikskólans.

Á degi íslenskrar náttúru fóru börnin af Hóli að Ástjörn til að skoða dýralífið þar. Ferðin gekk vel og var mjög lærdómsrík enda einkennast tjörnin og umhverfið af mjög auðugu gróður- og dýralífi.

Vikulega fara börnin af Höfða í vettvangsferðir. Í haust eru þau búin að fara m.a. í Skarðshlíðarskóla og léku þar á útisvæðinu, fóru í berjamó og á Haukavöllinn í leiki. Þau fóru líka í ferð um hverfið til að skoða hvaða form þau sæju í umhverfinu. Það er líka spennandi að fá stækkunargler og rannsóknarbox til að tína pöddur, lauf og alls kyns lífverur í. Einn daginn fóru þau í göngu að Ástjörn og skoðuðu fugla og síli.

Skyndihjálparnámskeið



Á skipulagsdegi í ágúst fengum við námskeið um skyndihjálp. Námskeiðið var sérútfært fyrir starfsmenn leikskóla. Farið var yfir grunnatriði skyndihjálpar með sérstakri áherslu á rétt viðbrögð við bráðum veikindum barna og slysum sem upp geta komið á leikskólum. Einnig var farið yfir verklega endurlífgun þar með talið hnoð, blástur, losun aðskotahluta úr öndunarvegi o.fl.

Meira frá bókasafni

Haldið var upp á Bangsadaginn á safninu. Hann var mjög skemmtilegur. Á þessum degi fengum við á bókasafninu, ásamt öllum öðrum í skólanum, í heimsókn bangsa af öllum stærðum og gerðum sem var rosalega skemmtilegt.



Í lok október var haldið upp á árlega hrekkjavöku. Eins og gefur að skilja var rosalega hræðilegt að sjá alla krakkanna í skelfilegum búningum. Var bókasafnið skreytt í tilefni dagsins og mikið hægt að gera á safninu. T.d að lita skelfilegar myndir og skoða skelfilegar bækur.

Núna eru að fara í gang allskonar lestrarátök á bókasafninu og má þá helst nefna léttlestrarátak, Binnu Bjarna, Hey Jónsi, myndasöguátak og Enid Blyton lestrarátak. Hlökkum til að sjá sem flesta nemendur taka þátt í þessum skemmtilegu átökum.

Hryllingur í Fjölgreinadeild

Í Fjölgreinadeildinni okkar er mikið brallað hjá efnilegum og skemmtilegum krökkum. Héldu þeir á dögunum uppá hrekkjavökuna með pompi og prakt þar sem mikill metnaður var í gangi. Miklar og flottar skreytingar ásamt því að margir klæddust hræðilegum búningum. Heldur betur flott hjá þessum flottu krökkum.



Enn meira frá leikskóla

Dagur læsis

Árlega er haldið upp á Dag læsis en hann er 8. september. Börnin komu með bók að heiman sem var lesin, skoðuð og börnin sýndu vinum sínum þær bækur sem þau komu með. Við fengum líka skemmtilega heimsókn frá Bóka-

safni Hafnarfjarðar en hún Hugrún kom og las fyrir okkur.

Hér í leikskólanum er lestur hluti af daglegu starfi, lesið er daglega fyrir börnin fjölbreyttar bækur. Lestur fyrir börn er mikil-vægur fyrir síðara nám þess, með honum eykst málskilningur sem og undir-staða lesskilnings. Við hvetjum því foreldra til að vera

með okkur í þessari skemmtilegu samveru og nýta hvert tækifæri til að lesa fyrir börn sín. Lesstund með barni er yndisleg samvera sem styrkir böndin milli foreldra og barns.



Meira frá hrekkjavöku

Það voru nú ekki bara nemendur sem tóku Hrekkjavökuna alla leið. Starfsfólkið tók líka þátt og mætti í skemmtilegum og metnaðarfullum búningum.

Hjólabrettakeppni

Á dögunum fór fram hjólabrettakeppni hér í Hafnarfirði þar sem Hjólabrettafélag Hafnarfjarðar bauð skólum að taka þátt í Skólaskate. Þar áttu þeir sem höfðu áhuga að hafa samband við sína félagsmiðstöð og skrá sig til leiks. Gaman er að segja frá því að nemandi okkar í 8. bekk, Birnir Hergilsson, náði flottum árangri og endaði í 3. sæti. Glæsilegt hjá honum.

Leikhúsferð

Á dögunum brá 10. bekkurinn undir sig betri fætinum og skellti sér í leikhúsferð til Reykjavíkur. Farið var á sýninguna Vloggið, eftir Eurovisionhetjuna okkar og Hatarann Matthías Tryggva Haraldsson, í leikstjórn Björns Inga Hilmarssonar. Leikritið er einskonar hugleiðing um vináttu, misgóðar forvarnir og youtube. Þetta var mjög skemmtileg sýning þar sem nemendur skemmtu sér ákaflega vel.

VERUM ÁVALLT

JÁKVÆÐ

OG HVETJANDI !!

Brosið

Fréttablað Hraunvallaskóla

Drekavöllum 9

221 Hafnarfjörður

Ritstjóri: Karl Pálsson

Ábyrgðarmenn: Lars Jóhann Imsland og Guðbjörg Hjaltadóttir

www.hraunvallaskoli.is

www.leikskolinn.is/hraunvallaskoli

www.mosinn.is